

Sp.

666. Svar

[329. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar, Guðrúnar Helgadóttur og Karvels Pálmasonar um flugrekstur Landhelgisgæslunnar.

I.

Með samningi, dags. 6. mars 1986, milli Landhelgisgæslunnar og Flugleiða hf. leigir Landhelgisgæslan Flugleiðum Fokker Friendship-flugvélina TF-SYN. Samningurinn gildir fyrir tímabilið 1. maí 1986 til 1. maí 1987. Samið er um föst afnot þrjá daga í viku á tímabilinu frá 1. júní til 15. september. Á tímabilinu frá 15. september er miðað við afnot á sérstökum annatíma Flugleiða og meðan stórar skoðanir standa yfir á Fokker-flugvélum þeirra. Þá er gert ráð fyrir því að komið geti til afnota Flugleiða á öðrum tíma ef aðstæður Landhelgisgæslunnar leyfa og jafnframt gert ráð fyrir afnotum Landhelgisgæslunnar á þeim tíma sem flugvélin er frátekin fyrir Flugleiðir.

1. Leigugjald Flugleiða af TF-SYN.

Fyrir leiguafnot af TF-SYN greiða Flugleiðir 670 bandaríkjadali fyrir hverja kubba-stund, þ.e. þann tíma í klukkustundum sem líður frá því að bremsukubbur er tekinn frá hjólum flugvélar á fararstað og þar til honum hefur verið komið fyrir aftur á komustað. Flugleiðir taka að sér að framkvæma daglegar skoðanir á flugvélinni þá daga sem hún er í leigu. Flugleiðir húftryggja flugvélina þá daga sem vélin flýgur fyrir þá. Leigugjald breytist ekki eftir árstíma. Miðað er þó við lágmarksleigugreiðslu sem nemur 100 500 bandaríkjadölum fyrir tímabilið 1. júní til 15. september.

2. Ný tæki í TF-SYN.

Viðhaldsdeild Flugleiða er nú að framkvæma 10 ára skoðun á TF-SYN og er innifalið í því verki ísetning miðunarloftnets og hljóðnema, svonefnds svarts kassa. Tækja þessara hafði Landhelgisgæslan þegar aflað sér til ísetningar í flugvélinu við þetta tækifæri og er hún því óháð leigu vélarinnar til Flugleiða. Á sama tíma verður settur í flugvélinu jarðvari („Ground Proximity Warning“) sem Flugleiðir leggja til. Kostnaður þess tækis með ísetningu mun vera yfir 20 þúsund bandaríkjadalir. Þá er einnig í athugun ísetning á radartæki („Side Looking Radar“) sem ef til vill fæst að láni frá Kaupmannahafnarháskóla vegna áhuga þeirrar stofnunar á ísflugi norður af Íslandi. Ef úr verður mun það tæki auka verulega á hæfni flugvélarinnar til eftirlits- og leitarflugs.

3. Breytingar á starfsmannahaldi.

Þar eð reiknað er með að Landhelgisgæslan muni nota TF-SYN á leigutímabilinu í sama mæli og verið hefur áður yfir sama tímabil er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsmannahaldi í flugrekstri hennar í tengslum við leigusamninginn.

4. Notkun Landhelgisgæslunnar á TF-SYN vegna bráðrar nauðsynjar.

Í leigusamningi eru skýr ákvæði um það að þurfi Landhelgisgæslan á TF-SYN að halda vegna bráðrar nauðsynjar meðan hún er í verkefnum hjá Flugleiðum mun hún látin af hendi meðan það ástand varir. Þess skal getið að þá daga, sem hún flýgur fyrir Flugleiðir, er flugtími hennar áætlaður samtals 4 flugtímar.

Miðað við notkun á TF-SYN í leitar- og sjúkraflugi tímabilið júní til september undanfarin ár er þess ekki að vænta að grípa þurfi til flugvéla frá öðrum aðilum. Enda er gert ráð fyrir að þýrlan TF-SIF geti sinnt flestum þeim verkefnum sem upp kunna að koma þegar TF-SYN er ekki tiltæk með stuttum fyrirvara.

Til frekari skýringar skulu talin upp þau leitar- og sjúkraflug sem TF-SYN fór í á tímabilinu júní til 15. september á árunum 1980–1985:

1980: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

1981: 31. maí–2. júní og aftur 12. júní. Leitarflug á hálendinu að TF-ROM. Flugíð var að miklu leyti sameinað venjulegu gæsluflugi. Flugtími samtals 29:50 klst.

28. júlí. Sjúkraflug (næturflog) til Kaupmannahafnar með nýrnasjúkling. Flugtími 10:49 klst.

1982: 16. júlí. Leit að trillu á Faxaflóa. Flugtími 0:50 klst.

27. júlí. Leit að trillu á Faxaflóa. Flugtími 1:35 klst.

18. ágúst. Leit að bát undan Öndverðarnesi. Flugtími 2:07 klst.

1983: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

1984: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

1985: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

5. Önnur leiga á tækjum Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslan leigir yfirleitt ekki tæki sín til einkaaðila nema brýna nauðsyn beri til og verkefnið verði ekki leyst á annan hátt. Hins vegar má segja að tæki hennar séu ekki fullnýtt vegna takmarkaðs fjármagns og mannafla sem er háð ákvörðun fjárveitingavaldsins hverju sinni.

6. Frekari leiga á flugvélum Landhelgisgæslunnar.

Það hefur aldrei komið til álita eða verið miðað við það í rekstri Landhelgisgæslunnar að leigja flugvélar til flugfélaga eða ferðaskrifstofa. En það hefur komið fyrir á undanförm-

um árum að TF-SYN hefur verið leigð einn og einn dag um háannatíma og í einstaka tilfellum öðrum, bæði til Flugleiða og Arnarflugs. Afstaða er tekin til beiðna um leigu í hverju einstöku tilfalli og hefur slíkum beiðnum oft verið hafnað.

7. Hagur af leigusamningi við Flugleiðir.

Leigusamningurinn við Flugleiðir gerir Landhelgisgæslunni mögulegt að endurbæta þyrlukost sinn sem mun gera henni kleift að veita betri þjónustu í sjúkra- og leitarflugi með þyrlum á sjó og landi.

II.

Með samningi, dags. 3. janúar 1986, milli Landhelgisgæslunnar og Heliavia Hub-schrauber GmbH í Þýskalandi selur Landhelgisgæslan Hughes 500 þyrluna TF-GRÓ og kaupir í staðinn þyrlu af gerðinni Aerospatiale AS 350B. Mismunur kaupverðs og söluverðs, 139 250 bandaríkjadalar, greiðist með þremur afborgunum á tímabilinu frá afhendingu til 15. ágúst 1986, vaxtalaust.

1. Söluverð TF-GRÓ.

Söluverð þyrlunnar TF-GRÓ var 166 350 bandaríkjadalar.

2. Kaupverð nýrrar franskra þyrlu.

Kaupverð Aerospatiale AS 350B þyrlunnar er 305 600 bandaríkjadalar.

3. Fé til þyrluskiptanna.

Heimild til þyrluskiptanna var veitt að því tilskildu að eigi kæmi til sérstakrar fjárveitingar af því tilefni, heldur yrði mismunur á verði þyrlanna fenginn af fjárveitingu yfirstandandi árs með tilfærslu á verkefnum eða með ráðstöfun eigin tekna. Fjármagn til greiðslu á milligjöf til viðbótar söluverði TF-GRÓ er væntanlegar leigutekjur af TF-SYN og andvirði seldra varahluta úr eldri þyrlum, TF-GNÁ og TF-RÁN. Andvirði þeirra varahluta, sem þegar hafa verið seldir, nemur um 40 000 bandaríkjadöllum.